

Fimmtudaginn 20. nóvember 1997.

Nr. 174/1997.

Lífeyrissjóður Vesturlands

(Sigurður G. Guðjónsson hrl.)

gegn

Kjalarneshreppi

(Örn Höskuldsson hrl.)

Skuldabréf.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Pétur Kr. Hafstein, Gunnlaugur Claessen og Markús Sigurbjörnsson.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 16. apríl 1997. Hann krefst þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér 5.282.605 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 10. september 1995 til greiðsludags auk málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Áfrýjandi reisir kröfur sínar á skuldabréfi, að fjárhæð 5.000.000 krónur, út gefnu af stefnda 22. febrúar 1994. Skuldin skyldi bera 6% ársvexti og greidd með tólf jöfnum afborgunum á sex mánaða fresti, í fyrsta sinn 10. september 1996. Í skuldabréfinu sagði, að vextir skyldu reiknaðir frá 10. febrúar 1994 og greiddir á sömu gjalddögum og afborganir, en tekið var fram, að þá skyldi greiða fyrst 10. mars 1995. Óumdeilt er, að stefndi greiddi vexti af skuldinni síðastgreindan dag. Áfrýjandi heldur því fram, að við útgáfu skuldabréfsins hafi verið samið um, að stefndi greiddi vexti af skuldinni tvö skipti til viðbótar, áður en kæmi að fyrsta gjalddaga afborgunar af höfuðstól hennar, 10. september 1995 og 10. mars 1996, en láðst hafi að geta þess í skuldabréfinu. Stefndi hafi ekki staðið skil á greiðslu vaxta fyrrnefnda daginn, og hafi áfrýjandi því gjaldfellt skuldina, sem hann krefst að fá greidda í málinu.

Í héraðsdómsstefnu segir, að áfrýjandi styðji kröfur sínar áður nefndu skuldabréfi og reki málið samkvæmt XVII. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Kröfur hans eru reistar á málsástæðu varðandi efni skuldbindingar stefnda, sem á sér enga stoð í texta

skuldabréfsins. Getur hún því ekki komið til álita í málinu. Af þessari ástæðu verður niðurstaða hins áfrýjaða dóms staðfest um annað en málskostnað, en áfrýjandi verður dæmdur til að greiða stefnda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem er ákveðinn í einu lagi, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Héraðsdómur skal vera óraskaður um annað en málskostnað.

Áfrýjandi, Lífeyrissjóður Vesturlands, greiði stefnda, Kjalarneshreppi, samtals 250.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 7. febrúar 1997.

Mál þetta, sem dómtekið var 14. janúar sl., er höfðað með stefnu, birtri 22. apríl 1996, af Lífeyrissjóði Vesturlands, Kirkjubraut 40, Akranesi, gegn Kjalarneshreppi, Fólkvangi.

Dómkröfur.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til greiðslu skuldar, að fjárhæð 5.282.605 kr., með dráttarvöxtum skv. III. kafla laga nr. 25/1987 frá 10. september 1995 til greiðsludags og málskostnaðar skv. gjaldskrá lögmannsstofu Tryggva Bjarnasonar hdl. auk virðisaukaskatts af málflutningsþóknun.

Dómkröfur stefnda eru þær, að stefndi verði sýknaður að svo stöddu af öllum kröfum stefnanda í málinu og stefnandi dæmdur til greiðslu málskostnaðar skv. gjaldskrá lögmannsstofu Arnar Höskuldssonar hrl.

Málsástæður.

Stefnandi reisir kröfu sína á skuldabréfi, út gefnu af Kjalarneshreppi til stefnanda 22. febrúar 1994, að fjárhæð 5.000.000 kr., bundnu lánskjaravísitölu, grunnvísitala 3340. Skuldabréfið skyldi endurgreiða með tólf afborgunum á sex mánaða fresti, í fyrsta sinn 10. september 1996. Stefnandi heldur því fram, að byrja hafi átt að greiða vexti af bréfinu fyrr, í fyrsta sinn 10. mars 1995. Vextir hafi verið ákveðnir fastir, 6% á ári, og hafi reiknast frá 10. febrúar 1994. Í bréfinu er svofellt ákvæði: „Vextir greiðast eftir á, á sömu gjalddögum og afborganir. Vextir greiðast fyrst 10. mars 1995.“ Ekki er tekið fram í skuldabréfinu, að vextir skuli síðan greiddir á sex mánaða fresti, þar til afborganir byrji 10. september 1996, en stefnandi heldur því fram, að það hafi verið ætlun aðila, þegar stefndi gaf skuldabréfið út til stefnanda,

og því hafi næsti gjalddagi vaxta verið 10. september 1995. Stefnandi kveður stefnda ekki hafa greitt vaxtagreiðslu, að fjárhæð 153.862 kr., 10. september 1995 eða síðar. Hafi stefnda verið tilkynnt með bréfi, dags. 8. febrúar 1996, að skuldabréfið væri gjaldfallið sökum vanskila á vaxtagreiðslunni 10. september 1995. Stefnufjárhæð sé því áfallnir sammingsvextir 10. september 1995, 153.862 kr., og verðbættur höfuðstóll, 5.128.743 kr., samtals 5.282.605 kr.

Stefnandi rekur mál þetta samkvæmt 17. kafla laga nr. 91/1991.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að stefndi hafi staðið í skilum með vexti, sem á féllu 10. mars 1995. Þá heldur stefndi því fram, að ekki sé kominn gjalddagi eftir vaxtagjalddagann 10. mars 1995, hvorki á vöxtum né afborgunum. Stefnandi hafi ekki fengið tilkynningu um vaxtagjalddaga 10. september 1995 og geti stefnandi ekki stutt mál sitt einhverju, sem mönnum fór á milli, þegar það eigi sér ekki stoð í viðskiptabréfi þeirra. Ekki sé um nein vanskil að ræða af hálfu stefnda.

Þá bendir stefndi á, að í skuldabréfinu séu engin ákvæði um gjaldfellingu skuldabréfsins við vanskil, heldur séu einu viðurlögin við vanskilum hæstu dráttarvextir.

Stefndi vísar til 2. mgr. 26. gr. laga nr. 91/1991.

Niðurstaða.

Í máli þessu er deilt um, hvort vanskil hafi orðið af hálfu stefnda á vaxtagreiðslu 10. september 1995, sem heimilað hafi stefnanda að gjaldfella skuldabréfið.

Eins og að framan greinir, er ákvæði í fram lögðu skuldabréfi þess efnis, að vextir greiðist eftir á, á sömu gjalddögum og afborganir, og jafnframt segir, að vextir greiðist fyrst 10. mars 1995. Greinir aðila á um túlkun þessa ákvæðis.

Umstefnt skuldabréf er viðskiptabréf, sem um gilda viðskiptabréfsreglur, er miða að því að gera viðskipti um þær kröfur sem öruggust og tryggust. Aðalatriði viðskiptabréfsreglna er það, að viðskiptabréf stofnar rétt eftir hljóðan sinni. Við úrlausn þess ágreinings, sem hér er uppi, verður því einungis litið til ákvæðisins, sem aðilar deila um túlkun á, en ekki til þess, hvað þeim aðilum var í huga, er komu að útgáfu og kaupum á umstefndu skuldabréfi.

Óumdeilt er, að vexti skyldi greiða 10. mars 1995, og hefur stefndi þegar greitt þá. Þá segir í skuldabréfinu: „Vextir greiðast eftir á, á sömu gjalddögum og afborganir.“ Gjalddagi er sá tími, er greiðsla á að fara fram. Greiðsla fyrstu afborgunar skyldi fara fram 10. september 1996. Samkvæmt orðanna hljóðan þykir umrætt ákvæði ekki verða túlkað öðruvísi en svo, að önnur

vaxtagreiðsla skyldi fara fram, er fyrsta afborgun átti fram að fara, 10. september 1996.

Ekki var því um vanskil að ræða af hálfu stefnda 10. september 1995 og gjaldfelling skuldabréfsins þegar af þeim sökum óheimil, en eins og stefndi hefur bent á, eru engin ákvæði í skuldabréfinu um gjaldfellingu.

Ber því að sýkna stefnda að svo stöddu af kröfum stefnanda í málinu.

Samkvæmt þessari niðurstöðu ber stefnanda að greiða stefnda málskostnað, sem ákveðst 150.000 kr., og er þá ekki tekið tillit til virðisauka-skatts.

Kristjana Jónsdóttir héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Kjalarneshreppur, skal vera sýkn að svo stöddu af kröfum stefnanda, Lífeyrissjóðs Vesturlands.

Stefnandi greiði stefnda 150.000 kr. í málskostnað.
